

Bragþing. Landsmót hagyrðinga 2010

Hið árlega og bráðskemmtilega Bragþing er framundan, en það verður, eins og alþjóð veit, haldið **laugardaginn 28 ágúst í Gullteig á Grand Hótel**. Nú þegar hafa afburðasnjallir hagyrðingar boðað komu sína, þ.á.m. Friðrik Steingrímsson, Ósk Porkelsdóttir, Pétur Pétursson, Einar Kolbeinsson, Hólmfríður Bjartmarsdóttir, Árni Jónsson og Jói í Stapa.

Fjölbreytt skemmtidagskrá verður á þinginu. Heiðursgesturinn, Þórarinn Eldjárn, flytur hátíðarræðu; nokkrar glæsilegar konur úr Kveðanda mæta á svæðið; fluttar verða rímur undir stjórn Sigurðar Sigurðarsonar; Húnavetningar og Þingeyingar heyja einvígi, hraðyrkingakeppni er á dagskránni og „Vísur gesta“, þar sem yrkisefnin eru tvö, þ.e. JÓN og RÁN.

Veislustjóri verður Pétur Blöndal blaðamaður.

Húsið opnar kl 18:30 og borðhald hefst kl 19:30.

Verð fyrir glæsilegt þing og girnilegan matseðil 5.700 kr.

Gisting í 2ja manna herbergi kostar 16.500 krónur.

Athugið að panta gistingu tímanlega því að fjöldi herbergja á þessu verði er takmarkaður.

Hótelíð er sérlega glæsilegt og herbergin falleg.

Missið ekki af bráðskemmtilegu móti.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku sem fyrst í síma 824 5311 eða á netfangið sigrunhar@simnet.is.

Fundir og kvæðalagaæfingar

Allir fundir og æfingar félagsins fara fram í Gerðubergi í Breiðholti og hefjast klukkan 20:00. Félagsmenn í Iðunni eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka.

1	6. október, miðvikudagur 8. október, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) félagsfundur (uppi)
2	3. nóvember, miðvikudagur 5. nóvember, föstudagur	kvæðalagaæfing félagsfundur
3	1. desember, miðvikudagur 3. desember, föstudagur	kvæðalagaæfing jólafundur



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

111. tölublað – 31. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

September 2010

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Hautferð Iðunnar 2010

Að venju verður farið í haustferð félagsins fyrsta laugardaginn í september. Lagt verður af stað í rútu frá Umferðarmiðstöðinni klukkan átta að morgni 4. september og farið sem leið liggur til Hvammstanga. Þar munu ferðalangar fá sérstaka súpu á veitingastaðnum Hlöðunni skömmu fyrir hádegið, en að því loknu halda af stað í hringferð um Vatnsnesið með leiðsögn Agnars Levý. Hann er góður hagyrðingur og mun vera einhver sá fróðasti um sögu svæðisins sem fara skal um. Þegar svo síðdegis verður komið að Stöpum á Vatnsnesi mun afhjúpað þar minniskerki sem kvæðamannafélögin hafa látið gera til minningar um rímnaskáldið Guðmund Bergþórsson (1657-1705), en hann er talinn fæddur á þeim bæ. Með okkur í ferðinni verður Þórarinn Eldjárn sem ætlar að segja frá kynnum sínum af Guðmundi Bergþórssyni og þeim bágu kjörum sem hann mátti búa við.

Að þessu loknu á að fara í Hamarsbúð þar sem kjötsúpa verður á borðum og líklega munu menn ekki geta stillt sig um að kveða þar nokkur rímnalög.

Fimmtíu manna rúta hefur verið pöntuð fyrir þetta ferðalag og er hún útbúin með salerni. Það er líklegt þessi rúta fyllist fljótt því verðið fyrir hvern mann er 5.000 krónur.

Vinsamlegast látið vita sem fyrst um þátttöku svo það verði síður slagsmál um sætin.

Best er að hringja í Steindór í síma 863-7887 eða senda tölvupóst á sandersen@simnet.is.

Kvæðamál

Þessa vísu orti Kerling á Skólavörðuholtinu þegar hún heyrði af Bragabinginu 28. ágúst n.k.:

Gulli á mig og glingri hleð,
gjörð um belginn spennu kring,
geiflunum í túlann treð
og tölta kát á Bragabing.

Þegar Kerlingin á Skólavörðuholtinu frétti af Einvíginu, hún hló í barminn og tautaði:

Spennt ég hlæ af þrótti því
þrusu verður gaman
er karlfauskana kveð ég í
kútinn alla saman.

Karlfauskur í Skuggahverfinu sem hefur enga trú á kerlingu á Skólavörðuholtinu muldraði þá:

Fyrir hátíð Braga brátt
bursta mun ég skóna
þar sem karlar kveða hátt
en kerlingarnar þrjóna.

Kerlingin hló svo að undir tók í Hallgrímskirkjunni þegar hún heyrði þessa vísu, hún kannast greinilega við skarfinn úr Skuggahverfinu. Hún orti:

Ó mig hlægir skröggsins skraf
við skrúmið er hann laginn
sá kauðski garmur kemst vart af
koppnum móts- á daginn.

Karlfauskurinn í Skuggahverfinu brást ókvæða við:

Girnist menn og æpir á
illa tenntum skolti
skelfilega skrukkan frá
Skólavörðuholti.

Kerlingin fussaði og hrækti þessu út úr sér:

Um þig leikur ólykt þrá
af eitursúru þvagi,
mér finnst helst þú minnir á
músarskít í flagi.

Karlfauskurinn í Skuggahverfinu heyrði vísuna og orti:

Kerling örg sitt æfíkvöld
af örum losta brennur.
Hún hafði fyrir hálfri öld
heilar fjórar tennur.

Kerlingin á Skólavörðuholtinu ætlaði nú ekki að svara þessum síðustu vísu og sagði:

Margt hef ég skömminni skárna að gera
en skakast í þessum bjánum.

Þeir apakettirnir ættu að vera
ennþá hangandi í trjánum.

Síðar heyrðist hún kveða mæðulega:

Já. Vitsmuni þeirra völtu og tregu
varla er hægt að þjálf.
Ég smjæðra ekki fyrir smánarlegu
smekkleysi slíkra bjálfa.

Þetta er alveg ágætt stöff,
eflaust kætir margi.
Kerling frökk og Fauskur röff
fréttasnepli bjarga.

Helgi Zimsen

Alltaf verð ég voða súr
á vorum Bragabingum
er ég heyri hneggið úr
Húnabingeyingum.

Jón Ingvar Jónsson

Kvöldvísu

Lágir geislar lita hvamm,
leika í skýjadregli,
hvar blámi himins flýtur fram
í fljótsins töfraspegli.

Sigrún Haraldsdóttir

Vorkoman

Bónði dreifir blautum skít,
bregst ei náttúrunni.
Hjá ég ek og ákaft nýt
ilms af vorkomunni.

Ragnar Böðvarsson

Arnbór Helgason fór ásamt eiginkonu sinni, Elínu Árnadóttur, út í Grimsey í sumar að hljóðrita. Samtíða þeim voru í eyjunni frænkur tvær sem þótti gott hvítvín. Síðasta morguninn hittu þau Elín frænkurnar þar sem þær sátu og dreyptu á hvítvíni. Varð þá til þessi vísu:

Sitja enn að sumbli
sómafrænkur tvær.
Bera vín að vörum,
vænar eru þær.

Fyrir í sumar kom erkivinkona þeirra hjóna í heimsókn. Arnbór faðmaði hana að sér og fann að hún hafði aukist bæði að vexti og viti. Komst hann ekki hjá því að slengja fram þessari vísu:

Þú ert orðin framsett frú,
fríð og mikil sýnum.
Austur á landi blómlegt bú
býrðu manni þínum.